

Vörðupróf – píanó (KD)

Vörðupróf grunnur (píanó aukafag)

1. (20)

Tónstigar, brotnir hljómar, arpeggiur: Dúrar: C-G-D-A-E-F-B-ES-AS
Mollar: a-e-h-d-g-c-f

Samsíða tónstigar : 2 áttundir í báðum höndum.

Brotnir hljómar og arpeggiur: ein áttund í sitt hvorri hendi.

Niðurlagshljómar (einföld gerð,þ.e. grunntónar í vinstri hendi)

(2 dúrar, 2 mollar)

2. (20)

Spila einfalt lag eftir bókstafshljómum

(Möguleiki að spila undirleik með öðrum nemanda sem spilar laglínuna)

3. (20)

Lítið polýfónískt lag, t.d. A.M.Bach

4. (20)

Lítið pedallag

5. (10)

Lestur (t.d.einfalt sönglag)

6. (10)

Heildarsvipur

Vörðupróf 1 (píanó aukafag)

1. (20)

Tónstigar - brotnir hljómar og arpeggiur tvær áttundir:

Dúrar: C-G-D-A-E-F-B-ES-AS

Mollar: a-e-h-d-g-c-f

Samsíða tónstigar: 2 áttundir í báðum höndum.

Brotnir hljómar og arpeggiur: tvær áttundir í sitt hvorri hendi.

Niðurlagshljómar (einföld gerð,þ.e. grunntónar í vinstri hendi)

(2 dúrar, 2 mollar)

2. (15)

Lítill æfing (t.d.Czerny)

3. (15)

Pólýfónískt verk (t.d.innvention e. Bach)

4. (15)

Sónatína eða lag með með pedal

5. (15)

Lag með bókstafshljómum.

6. (10)

Lestur

7. (10)

Heildarsvipur

Vörðupróf II – píanó

Vörðupróf II

Nemendur taka vörðupróf II u.þ.b. við miðju námsferils við MÍT í samráði við aðalkennara sinn. Vörðuprófið er hugsað sem námsáfangi og um leið undirbúningur fyrir lokapróf frá skólanum. Gengið er út frá því að allir nemendur skólans ljúki vörðuprófi II, nema aðstæður kalli á annað. Prófin eru dæmd innan skólans af kennurum viðkomandi deildar. Aðalkennara nemanda og fulltrúa skólastjórnenda er heimilt að vera viðstaddir próf.

Prófþættir

1. Þrjú ólík verk (15 einingar hvert)
2. Æfing (15 einingar)
3. Skylduverk (10 einingar)
4. Val (15 einingar)
5. Óundirbúinn nótnalestur (10 einingar) *þekkt sönglag*
6. Heildarsvipur (5 einingar).

Nemandi skal leika eina æfingu/etýðu og þrjú einleiksverk, þar af einn hraðan klassískan sönutúþátt.

Auk þess er val milli þess að leika tónverk af eigin vali af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni sem getur verið: samleiksverk þar sem próftaki gegnir veigamiklu hlutverki, eigin útsetning eða tónsmíð, eða annað einleiksverk.

Aðrir prófþættir eru skylduverk sem ákveðið er af kennurum píanódeildar MÍT í upphafi hvernar annar og nemandi fær með 6 vikna fyrirvara, og óundirbúinn nótnalestur.

Erfiðleikastig verkefna miðast við léttari verk á verkefnalista fyrir framhaldspróf sem gefin eru upp í Aðalnámskrá tónlistarskólanna.